

Stjórnarfundur 7. febrúar 2017
10. fundargerð.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Gestur Jónsson gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Arnheiður Kristinsdóttir, Dóra Steinunn Jónasdóttir, einnig varamennirnir Hallgrímur Gíslason, Kolbrún Kristjánsdóttir og Aldís Björnsdóttir. Fjarverandi Jón Aðalsteinn Baldvinsson. Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður kom á fundinn um kl.10.15.

- 1) Formaður setti fundinn. Fundargerð stjórnar frá 10. janúar 2017 yfirfarin og afgreidd. Formaður minnti á að fundargerðir yrðu settar á heimasíðuna frá áramótum og það menn að lesa þær vel yfir áður en þær verða birtar.
- 2) Dagbók á skrifstofu yfirfarin og færslur stjórnarmanna í viðveru skoðaðar. Þrír höfðu gengið í félagið, ýmsir litið inn með fyrirspurnir, m.a. var spurt um félagið 50+ en það var stofnað hér á Akureyri fyrir einhverjum árum og er tengt UMFÍ. Félagsaðild að því mun vera lykill að þátttöku íþróttahópa frá EBAK á Landsmótum UMFÍ. Stefán Vilhjálmsson kom og sagði að briddsnámskeiðið sem hann hefur verið með í norðursalnum í Víðilundi hafi gengið vel. 12 höfðu tekið þátt í því og einhverjir fleiri spurt eða vildu koma. Spurning hvort þörf er fyrir fleiri námskeið? Gestur nefndi í framhaldi af þessari umræðu að hann væri búinn að stofna reikning í nafni EBAK fyrir fræðslunefndina.
- 3) Bergljót kom á fundinn og tekin voru til umræðu eftirfarandi mál:
 - a) Hljóðkerfið í salnum í Bugðusíðu 1: EBAK á hljóðkerfið í salnum og ber kostnað af stillingum og viðhaldi á því sem einkum kemur til eftir útleigu á salnum. Akureyrarbær hefur lítinn arð af salarleigunni og fundarmenn voru sammála um að best væri að hætta útleigu. EBAK hefur forgang að salnum og hefur fólk á sínum vegum sem kann á hljóðkerfið. Leiðsögn varðandi notkun hljóðkerfisins er fyrirhuguð á föstudaginn 10. febrúar n.k. fyrir Hildi, stjórnarmenn, nefndarmenn í fræðslunefnd, skemmtinefnd o.fl. Búið er að stilla tölvuna í salnum inn á beininn á skrifstofu EBAK.
 - b) Viðgerð á snókerborðunum: Bréf dagsett 24. janúar 2017 barst frá snókermönnum, undirritað af Karli Jörundssyni, en þeir þrýsta á um viðgerðir á borðunum og bjóða nánast upp á einkakennslu fyrir áhugasama nýliða. Ákveðið að vinna í viðgerðum á báðum borðunum og hafa þau áfram í Bugðusíðu. Athugandi væri að færa litla borðið upp í Víðilund og skoða hvort annað lítið borð væri ónotað í Hlíð? FKR var falið viðgerðamálið.
 - c) Að öllu óbreyttu verður skrifstofa EBAK í Bugðusíðu 1 áfram í herberginu við hliðina á eldhúsinu en hún var flutt þangað sl. haust að ósk Akureyrarbæjar.
 - d) Ósk kom fram á fundinum um að nýr yfirmaður Samfélagssviðs Akureyrarbæjar, Kristinn J. Reimarsson komi á fund framkvæmdaráðs sem fyrirhugaður er 21. febrúar eða á stjórnarfundinn 28. febrúar. Bergljót tók að sér að boða hann á fund.
 - e) Fyrirspurnir hafa borist frá íbúum í íbúðum fyrir 60+ í Lindarsíðu hvort selja megi hverjum sem er þessar íbúðir. Menntu eru óruggir vegna eftirsóknar aðila sem vilja kaupa íbúðir og nota m.a. sem orlofsíbúðir.
 - f) Frá göngunefnd barst ósk um að bekkir verði settir við göngustíga í Krossanesborgum. Nefnt var að æskilegt væri að setja upp WC á hjólum við útivistarsvæðin.
 - g) Sumaropnun í Bugðusíðu og Víðilundi. Hulda Eggerts hefur staðfest vilja Bugðusíðunefndar að halda áfram starfi sínu en stækka þurfi nefndina til að dreifa starfinu á fleiri herðar. FKR skoðar það í apríl. EBAK fer ekki af stað með sumaropnun í Víðilundi nema óskir komi um það frá félögum sem eru notendur í Víðilundi.
 - h) Síðan þakkaði Bergljót fyrir og kvaddi fundarmenn.

- 4) Upplýsingar og umræða um málefni EBAK frá stjórnarfundum 10. janúar 2017:
 - a) Minnisblað frá fundi framkvæmdaráðs 3. febrúar. Búið er að yfirfara tæknibúnað í salnum í Bugðusiðu 1 og færa hátalarana í norðurenda salarins innar í salinn. Einnig er búið að setja upp nýjan skjávarpa sem Akureyrarbær keypti og tengja nýja fartölvu sem félagið keypti við hann.
 - b) Fræðsla og kennsla á hljóðkerfið í salnum verður 10. febrúar kl. 15-16 fyrir Hildi, fulltrúa stjórnar og fulltrúa nefnda sem nota kerfið. Minnt skal á að aldrei má slökkva á hljóðkerfinu.
 - c) Briddsnámskeiðið á vegum EBAK sem haldið er í Víðilundi 22 stendur yfir og eru tvö skipti búin af átta. Kennt er „standard kerfi“.
 - d) Fundur var með uppstillinganefnd 11. janúar. Nefndin óskar eftir að lögum EBAK verði breytt á aðalfundi þannig að nefndin skipti framvegis sjálf með sér verkum.
- 5) Í framhaldi af kynningu á boccia, snóker og krullu 3. febrúar s.l. var samþykkt að vinna áfram að þeim málum. Hauki og Halldóri falið að ræða við Sjálfsbjörg um aðgang að Sjálfbjargarsalnum fyrir krullu og boccia. Formaður tekur að sér að ræða við snókermennina, þá Karl Jörundsson, Pál Magnússon, Hákon Aðalsteinsson og Sverri Valdemarsson um viðgerð á snókerborðunum, EBAK greiðir viðgerðina á sínu snókerborði og Akureyrarbær greiðir fyrir sitt borð.
- 6) Undirbúningur stjórnar EBAK vegna aðalfundar félagsins 27. mars n.k.
Helstu verkefni eru:
 - a) ársskýrsla
 - b) lagabreytingar
 - c) Þáttur stjórnar í uppstillingu vegna kosninga. Tilnefna þarf tvo skoðunarmenn reikninga, fulltrúa á landsfund LEB og fulltrúa í uppstillinganefnd.
 - d) skýrslur nefnda og fleiri aðila.
 - e) reikningar félagsins fyrir árið 2016 ásamt áritun stjórnar.
- 7) Málefni heimasíðu félagsins og facebooksíðunnar. Fundurinn samþykkti að fundargerðir stjórnar verði framvegis settar inn á heimasíðuna.
- 8) Næsti stjórnarfundur verður 28. febrúar. Á fundinum kynni formaður uppstillinganefndar tillögur nefndarinnar að kjöri fulltrúa í stjórn, nefndir og önnur embætti á aðalfundi EBAK 27. mars nk.
- 9) Viðvera á skrifstofu:
Halldór verður 8. febrúar, Kolbrún og Aldís 15. febrúar, Hallgrímur 22. febrúar.
- 10) Önnur mál:
 - a) Erindi frá LEB o.fl. um að fá senda félagaskrá EBAK en nú eru félagar EBAK 1282. Félag eldri borgara í Þistilfirði bað um aðstoð við að útbúa félagsskírteini fyrir þeirra félag og samþykkt var að þeir fengju þau án greiðslu.
 - b) Bókhaldsskrifstofa Þórðar Stefánssonar sér um að færa bókhald EBAK framvegis.
 - c) Rætt var um árgjald félagsins fyrir árið 2018 en ákvörðun frestað. Þá var gjaldkera falið að leggja fram drög að fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfundum.
 - d) Halldór tók að sér að hafa samband við Svövu formann uppstillinganefnd um að koma á næsta fund.
 - e) Bréf dagsett 4. febrúar 2017 frá göngunefnd með ósk um 288.000 kr. styrk vegna gönguferða EBAK í Kjarnaskógi næsta sumar. Áætlaðar eru 12 ferðir og kostnaður við hverja ferð 24.000 kr. Afstaða til styrkveitingar verður tekin fyrir seinna.
 - f) Þorvaldur Ingi Jónsson bauð námskeið í „orkuöflun Gunnars Eyjólfssonar“. Dóru og Hallgrími falið að athuga það betur.
- 11) Fundi slitið